

Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
BA í tónsmíðum

Frásagnir í tónum

Hvernig er viðfangsefnum íslenskra hermiverka skilað til áheyrandans?

Lilja Björk Runólfsdóttir
Leiðbeinandi: Gunnsteinn Ólafsson
Vorönn 2013

Í þessari ritgerð eru tekin fyrir hermiverk sex íslenskra tónskálda frá mismunandi tímum og skoðað með hvaða hætti viðfangsefnum þeirra er skilað til áheyrandans. Í inngangi er hugtakið hermitónlist útskýrt stuttlega og fjallað um sögu þess. Talað er um andstæðu þess, „hreina“ tónlist, og hvernig fólk hafði skiptar skoðanir um hugtökin. Tekin eru örfá dæmi um þekkt hermiverk vestrænna tónskálda. Tónlistarlíf Íslendinga tók ekki að blómstra fyrir en seint á 19. öld og af þeim sökum eru tónskáldin í ritgerðinni öll frá 20. öldinni. Þau eru á breiðu kynslóðabili en Jón Leifs (1899-1968) er þar elstur, þá Jón Nordal (1926), Áskell Músson (1953), Snorri Sigfús Birgisson (1954), Mist Þorkelsdóttir (1960) og yngst er Hafdís Bjarnadóttir (1977). Fjallað er stuttlega um bakgrunn og einkenni hvers tónskálds og í framhaldi er ítarleg umfjöllun um viðkomandi verk hverju sinni. Viðfangsefni verkanna eru fjölbreytt og gefa mismikla möguleika á nákvæmri frásögn. Sumum þeirra er fylgt eftir skref fyrir skref en önnur eru notuð til að gefa stemningu eða skapa andrúmsloft. Skoðað er hvernig umfjöllunarefnið eru tónsett og í lokin eru verkin borin saman og dregnar fram helstu aðferðir sem notaðar eru til lýsingar. Tekin eru dæmi úr ritgerðinni til skýringar á því hvernig tónskáldin nota aðferðirnar í verkum sínum.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Jón Leifs (1899 - 1968)	5
Geysir	6
Jón Nordal (1926)	7
Andað á sofinn streng	8
Áskell Másson (1953)	10
Helfró	10
Snorri Sigfús Birgisson (1954)	12
Árstíðirnar	12
Mist Þorkelsdóttir (1960)	15
Íslensk svíta	15
Hafdís Bjarnadóttir (1977)	17
Þórdísarhyrna, 1. - 12. umferð	18
Lokaorð	20
Heimildaskrá	22

Inngangur

Tónlist getur birst hlustendum á fjölmarga vegu og haft ólík áhrif eftir samhenginu hverju sinni. Hún getur bæði staðið ein og sér en einnig tengst öðrum listformum eða samtvinnast hugmyndum sem virkja fleiri skilningarvit áheyrans. Undir lok 19. aldar, eða á rómantíska tímanum, komu fram tvö andstæð hugtök sem áttu sérstaklega við um þetta, „hreina“ tónlist (absolute music) og hermitónlist (program music).¹ Hið fyrrnefnda á við um hljóðfæraverk sem eru algjörlega abstrakt og vísa ekki til neins annars. Tónlistin er þar eina tungumálið og áhrifin kvikna eingöngu af tónmálinu. Hið síðarnefnda á hins vegar við um hljóðfæraverk sem styðjast við og lýsa einhverri fyrirfram ákveðinni hugmynd svo áhrifin eru ekki aðeins tengd tónlistinni. Í slíkum verkum er hlustandinn gerður meðvitaður um umfjöllunarefnið og ímyndunarafli hans takmarkað við það. Tónmálið er orðið frásagnartæki og áheyrandinn reynir stöðugt að setja tónana í samhengi við viðfangsefnið.² Dæmi um þekkt *hermiverk* vestrænna tónskálda eru hljómsveitarverkið *Pacific 231* eftir Arthur Honegger þar sem hermt er eftir eimreið á ferð,³ tónaljóðið *Les Préludes* eftir Franz Liszt sem byggir á tilfinningum úr samnefndu ljóði eftir *Alfonse-Marie de Lamartine*,⁴ sínfóníska svítan *Sheherazade* eftir Rimsky-Korsakov þar sem fjórar sögur úr þjóðsagnasafninu *Þúsund og ein nótt* eru tónsettar⁵ og *Draumórasinfónían* eftir Hector Berlioz sem lýsir öfgafullri ástarþrá hans.⁶

Þrátt fyrir að hugtökin hafi ekki komið fram fyrir en á rómantíska tímanum höfðu tónskáld lengi áður samið verk sem skilgreina má á þessa tvo vegu, þ.e. sem „hreina“ tónlist annars vegar eða hermitónlist hinsvegar. Meðvitundin um þessa hugmynd virðist þó ekki hafa vaknað fyrir en á 19. öld og fólk skiptist þá jafnvel í hópa eftir því

¹ J. Peter Burkholder, Donald Jay Grout og Claude V. Palisca, *A History of Western Music*, áttunda útgáfa, W. W. Norton & Company, New York, 2009, bls. 604.

² Sigmund Spaeth, *Great Program Music: How to Enjoy and Remember It*, Garden City Publishing Co., New York, 1940, bls. 1-2.

³ J. Peter Burkholder, Donald Jay Grout og Claude V. Palisca, *A History of Western Music*, bls. 881.

⁴ *Ibid.*, bls. 737-738.

⁵ Petri Sakari, „Þúsund og ein nótt“, Símfóníuhljómsveit Íslands og Þórunn Ósk Marínósdóttir, Háskólabíó, 28. október 2010.

⁶ J. Peter Burkholder, Donald Jay Grout og Claude V. Palisca, *A History of Western Music*, bls. 641-642.

hvorn flokkinn það taldi betri.⁷ Tónlistargagnrýnandinn Eduard Hanslick var einn helsti talsmaður „hreinnar“ tónlistar og taldi að tónlistin ætti að standa ein og þyrfti enga frekari útskýringu til að réttlæta tilvist sína.⁸ Tónskáldið Richard Wagner var hins vegar á öndverðum meiði og vildi kalla fram mestu mögulegu áhrif með því að blanda saman ólíkum listformum. Hann sagði að tónlist og saga þyrftu hvort um sig á hinu að halda⁹ en þó taldi hann söguna mikilvægari. Haft er eftir honum: „Þar sem tónlistinni sleppir tekur orðið við... orðið er tóninum æðra.“¹⁰

Á Íslandi finnast fáar ritaðar heimildir um „hreina“ tónlist og hermitónlist en mörg verk hafa þó verið samin sem má flokka undir annað hvort hugtakið. Tónlistarsaga Íslands sker sig frá þeirri evrópsku að því leiti að hér á landi fór hljóðfæratónlist ekki að hasla sér völl fyrr en á seinni hluta 19. aldar. Framan af hafði nánast allur tónlistarflutningur byggst á einradda söng. Á 20. öld urðu gífurlegar framfarir í tónlistarlífi Íslendinga og má þá meðal annars nefna tilkomu tónlistarskóla, sinfóníuhljómsveita, óperu og fjölmargra kóra. Hópur menntaðra tónskálda stækkaði ört og þar með safn íslenskra tónverka.¹¹ Í þessari ritgerð verða tekin fyrir hermiverk valinna íslenskra tónskálda frá mismunandi tímum og skoðað með hvaða hætti viðfangsefnum þeirra er komið til skila.

Jón Leifs (1899 - 1968)

Jón Leifs fór ungur að árum til Þýskalands og dvaldi þar um langt skeið, fyrst við tónlistarnám en síðar sem tónskáld og hljómsveitarstjóri. Árið 1944 flutti hann aftur heim til Íslands og starfaði sem stjórnandi, kennari, píanóleikari, tónskáld og rithöfundur auk þess að taka virkan þátt á mörgum ólíkum sviðum tónlistarinnar.¹² Jón er í dag talinn einn af brautryðjendum í íslenskri tónlistarsögu. Hann vildi skapa

⁷ Ibid., bls. 604.

⁸ Ibid., bls. 736.

⁹ Ibid., bls. 692.

¹⁰ „Wo die Musik nicht mehr weiter kann, da kommt das Wort... das Wort steht höher als der Ton.“ Richard Wagner, *Entwürfe ; Gedanken ; Fragmente: Aus nachgelassenen Papieren zusammengestellt*, Breitkopf & Härtel, Leipzig, 1885, bls. 49.

¹¹ Jón Þórarinnsson „Upphaf karlakórasöngs á Íslandi“ í tímaritinu *Heimi*, sótt 22. nóvember 2012, <http://male-choir.com/upload/wl/UpphafKarlakorasongs.pdf>

¹² Myrkir músíkdagar, „Myrkir músíkdagar“, ýmsir flytjendur, Reykjavík, 9. - 25. janúar 1999.

sérstæðan, rammíslenskan stíl og hafði mikla trú á eigin verkum.¹³ *Sögusinfónían* (1941-42) er meðal verka Jóns sem innblásin eru af íslenskum menningararfi en þar lýsir hann fimm persónum úr Íslendingasögunum.¹⁴ Náttúra Íslands var Jóni einnig mjög hugleikin og hann sótti gjarnan innblástur í kraft hennar, fegurð og hrikaleika, enda er verkum hans oft lýst með orðum sem gætu frekar átt við um frumkrafta náttúruaflanna heldur en klassískar tónsmíðar.¹⁵ Þessi löngun til að lýsa náttúrunni í tónum kom snemma fram hjá tónskáldinu og hægt er að merkja það á dagbókar-skrifum hans. Sextán ára gamall ritaði hann eftirfarandi hugleiðingu:

Í kvöld þegar ég var úti og sá norðurljósin datt mér allt í einu í hug að reyna að lýsa þeim í tónum; hvílík dýrð það yrði að vera - og það hlaut að vera. Og ég sá í huganum hvernig því yrði hagað.¹⁶

Á árunum upp úr 1960 samdi Jón fjóra hljómsveitarforleiki sem tengjast náttúru landsins, *Geysi Op. 51*, *Heklu Op. 52*, *Dettifoss Op. 57* og *Hafís Op. 63*. Öll þessi verk eru hermiverk þar sem náttúrufrýrbærum er lýst í tónum. Hér verður nánar fjallað um *Geysi*.

Geysir

Hljómsveitarverkið *Geysir* var samið árið 1961 en ekki frumflutt fyrr en árið 1984 svo Jón fékk aldrei að heyra það sjálfur leikið á tónleikum.¹⁷ Verkið er náttúrulegt tónaljód, eins konar tónsetning á Geysisgosi frá upphafi til enda. Þeir sem hafa séð gos af þessu tagi þekkja vafalaust hinn stigmagnandi kraft sem byggist stöðugt upp í hvernum. Vatnið rís og hnígur til skiptist þangað til orkan losnar að lokum úr læðingi með kröftugu gosi. Þessari átaksmögnun lýsir Jón í *Geysi* og það má segja að aðaleinkenni verksins sé stöðugt ris sem á sér stað fyrir gosið. Í upphafi er dökkt og

¹³ Rumon Gamba, „Náttúran dansar“, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa, 25. október 2012.

¹⁴ Árni Heimir Ingólfsson, *Jón Leifs: Líf í tónum*, Mál og menning, Reykjavík, 2009, bls. 234.

¹⁵ Rumon Gamba, „Náttúran dansar“, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa, 25. október 2012.

¹⁶ Hjálmar H. Ragnarsson, „Jón Leifs“, í tímaritinu *Andvari*, 115. árgangur, 1. tölublað, janúar 1990, bls. 12, sótt 10. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=292760&pageId=4313527&lang=is&q=J%0D3N%20LEIFS%20J%F3n%20Leifs

¹⁷ Rumon Gamba, „Náttúran dansar“, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa, 25. október 2012.

djúpt kontra-b spilað á kontrafagott.¹⁸ Áheyrandinn er dreginn ofan í myrkvaða jörðina þar sem hann upplifir hinn gríðarlega þrýsting sem þar býr. Kontra-b er dýpsti mögulegi tónn kontrafagottsins¹⁹ og að mörgu leiti hljómar hann líkari drunum fremur en skýrum tóni. Það er því vel hægt að ímynda sér að slíkt hljóð gæti komið djúpt ofan úr hvernum þar sem krafturinn smám saman magnast upp. Ofan á djúpan tóninn fara svo hægt og rólega að bætast við hærri tónar og fleiri hljóðfæri slást í för með kontrafagottinu. Hljómurinn verður smám saman bjartari og meiri þegar sjónarhornið færir nær yfirborðinu.²⁰ Fyrstu ókyrrðina má heyra í takti 47 þegar strengirnir spila tremolo og þá er vel hægt að sjá fyrir sér vatnsyfirborðið byrja að rísa örlítið. Næsta tremolo kemur svo í takti 57 og þar strax á eftir í tóktum 59 og 60, alltaf á hærri nótu en leikin var á undan. Í takti 61 er spilaður tremoloskali niður á við og að honum loknum dettur allt í logn aftur. Þá hefst næsta uppbygging og sagan endurtekur sig. Slagverkið bætist í hópinn í takti 63 og magnar spennuna enn fremur. Yfirborð hversins rís stöðugt hærra en róast þó öðru hvoru þegar meiri þrýstingur byggist upp. Að lokum gýs hverinn með tilheyrandi látum og hver gusan er hærri en sú sem á undan reis. Glæsileiki þessa merkilega náttúrufróbærís skín í gegnum ákefðina og ofsann. Gosið varir í langa stund en deyr út að lokum og fyrri ró færir yfir. Verkið endar á sömu veiku, djúpu druninum frá kontrafagottinu og hljómuðu í upphafi.²¹

Jón Nordal (1926)

Jón Nordal stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík á sínum yngri árum og lauk þaðan burtfararprófi bæði í píanóleik (1943) og tónsmíðum (1949). Hann hélt eftir það til framhaldsnáms erlendis og árið 1951 hóf hann störf hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík, fyrst sem kennari og síðar skólastjóri.²² Hann er talinn lykilmanninn í sögu módernismans í íslenskri tónlist, þá sérstaklega vegna starfa sinna sem formaður

¹⁸ Jón Ásgeirsson, „Sinfóníutónleikarnir í kvöld“, í *Morgunblaðinu*, 1. nóvember 1984, sótt 16. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=119809&pageId=1599843&lang=is&q=J%F3n%20Leifs%20Geysir

¹⁹ Samu Adler, *The Study of Orchestration*, þriðja útgáfa, W. W. Norton & Company, New York, 2002., bls. 788.

²⁰ Árni Heimir Ingólfsson, *Jón Leifs*, bls. 339.

²¹ Jón Leifs, *Geysir, Op. 51*, Íslensk tónverkamiðstöð, Reykjavík, 2011.

²² Baldur Andrésson, *Tónlistarsaga Reykjavíkur: með inngangi um sögu sönglífs í landinu frá því land byggðist*, Músík.is, 2008, sótt 2. janúar 2012, http://www.musik.is/Baldur/TsagaRvk/1930-1950/til1950_22.html#jon_nordal

félagsins Musica Nova, en það félag hafði þann tilgang að kynna tónlist íslenskra tónskálda og skapa vettvang fyrir yngri hljóðfæraleikara. Jón hefur mjög persónulegan stíl og tónsmíðar hans eru vandaðar og úthugsaðar.²³ Hér verður tekið fyrir verkið *Andað á sofinn streng*.

Andað á sofinn streng

Andað á sofinn streng er tríó fyrir fiðlu, selló og píanó, samið árið 1998 að beiðni Tríós Reykjavíkur.²⁴ Titillinn er fenginn úr ljóði Snorra Hjartarsonar *Gott þeim sem bíður* og er á þessa leið:

*Yfir austurfjöllum
bíður föstur dagmáni kvölds*

*Bíður ung kona
þess að unnustinn fari eldi
um hvítt land sitt*

*Bíður skáld þess
að andað sé á sofinn streng
svo hljómar hans vakni*

*Gott þeim sem bíður
þess að gefa og njóta*

Í blaðaviðtali fyrir frumflutning verksins sagði Jón að hann notaði stundum tilvitnanir í ljóð ef hann langaði til að skapa andrúmsloft og hjálpa fólki að tengjast tónlistinni. Ljóð Snorra gefur stemninguna fyrir verkið og Jón sagði að yfir því væri hálfgerður vögguljóðsblær.²⁵ Nótur af verkinu eru án taktnúmera og því ekki hægt að vísa nákvæmt í takta. Það hefst á angurværri og lágstemmdri sellólínu sem gefur tóninn

²³ „Brautriðjandi heiðraður“, í *Morgunblaðinu*, 9. mars 2006, sótt 1. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271615&pageId=3888493&lang=is&q=J%F3n%20Nordal

²⁴ „Eins og að klífa þrítugan hamar“, í *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. mars 1999, sótt 24. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242878&pageId=3314364&lang=is&q=Anda%F0%20%E1%20sofinn%20streng%20a%F0%20bei%F0ni

²⁵ „Andað á sofinn streng“, í *Dagblaðinu Vísi*, 18. maí 1998, sótt 24. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=198078&pageId=2969359&lang=is&q=Anda%F0%20%E1%20sofinn%20streng

fyrir það sem á eftir kemur. Liturinn er dulúðlegur og dansað er í kringum nokkrar nótur hægum skrefum. Krómatík setur svip á línuna og hlustandinn er leiddur hægt inn í dáleiðandi hljómsheim verksins. Eftir stutta stund, á bls. 2, er sellóinu svarað af píanóinu sem spilar mismunandi tilbrigði við fjögurra nótna klasa. Fyrsti klasinn er b-c-f-des þar sem b-ið er pedaltónn út píanólínuna. Stemningin er enn angurvær og seiðandi. Út úr síðasta hljómi línunnar birtast síðan háir og viðkvæmir flaututónar strengjanna sem taka því næst við og spila stuttan kafla. Píanóið leikur með um stund og fylgir laglínunni á háum tónum. Mikil kyrrð er yfir öllu og nánast er eins og tíminn standi í stað. Vel er hægt að ímynda sér biðina sem fjallað er um í ljóðinu. Strengurinn er sofandi og bærast lítið eitt í andardrætti tónanna þar til hljómar hans vakna.

Um miðbik verksins, frá síðustu línu á blaðsíðu fimm, breytist andrúmsloftið og verður órólegra og ágengara. Engu er líkara en biðin sé á enda, hljómar strengsins hafa vaknað og unnustinn fer loks eldi um hvítt land ungu konunnar, eins og skáldið orðar í ljóðinu.

The image shows a musical score for the first system of 'Andað á sofinn streng'. It consists of two systems of staves. The first system has a piano part (treble and bass clefs) and a string part (treble and bass clefs). The piano part features a tremolo effect on the strings, with dynamic markings p and pp. The string part is also marked p and pp. The second system continues the piano and string parts, with dynamic markings p and pp.

Mynd 1: *Andað á sofinn streng*, bls. 13, fyrsta lína. (Strengir spila tremolo)

Dýnamískar breytingar og andstæður aukast eftir því sem á líður en dulræn stemningin helst þó í gegnum verkið. Undir lokin, frá bls. 12, næst ákveðinn spennuhápunktur þar sem öll hljóðfærin spila forte og strengirnir þræða krómatíska línu með tremolo (mynd 1). Píanóið tvöfaldar línuna með áttundum auk þess að spila liggjandi áherslunótur á breiðu tónsviði. Smám saman hægist síðan á verkinu þangað til það endar jafnrólega og angurvært eins og það byrjaði.²⁶

²⁶ Jón Nordal, *Andað á sofinn streng*, Íslensk tónverkamiðstöð, Reykjavík, 2011.

Áskell Másson (1953)

Áskell Másson er menntaður slagverksleikari og tónsmíðar hans bera þess glöggt merki. Hann hefur samið mikið af tónlist fyrir slagverk og unnið með mjög færum hljóðfæraleikurum víða um heim.²⁷ Af þeim sökum hefur hann haft möguleika á að semja tónlist sem er erfitt og krefjandi að flytja. Mörg verka Áskels eru byggð á einhvers konar hugmynd sem hann notar sem efnivið og vinnur út frá. Sneriltrommuverkið *Prim* frá árinu 1984 er dæmi um slíkt verk, en það byggir á rytmanynstri sem fyrstu fimmtán prímötulurnar mynda þegar 32. parts nótur eru notaðar sem grunneining.²⁸ Annað dæmi er *Helfró* frá árinu 1979 sem fjallað verður um hér.

Helfró

Helfró er samið fyrir tvo slagverksleikara og segulband, eða fjóra slagverksleikara,²⁹ og byggir á lýsingum fólks af ástandi rétt fyrir dauðann sem kallað er helfró. Sagt er að það sé eins konar sælustig þar sem viðkomandi sér allt líf sitt birtast í einni hendingu.³⁰ Áskell segir sjálfur um verkið:

Hugmyndin að verki þessu varð til er ég lá nokkru sinni milli svefns og vöku og heyrði fyrir mér brot úr nokkrum verka minna. Hafði ég nokkru áður lesið greinar um dulræn efni, dauðann og ástand það milli lífs og dauða, sem kallað hefur verið helfró. Notaði ég því við samningu verksins efni úr eldri verkum svo og skissur sem legið höfðu ónýttar um tíma.³¹

Hljóðheimur verksins er dulrænn og seiðandi og líður áfram, hugmynd fyrir hugmynd, líkt og manneskja sem horfir á atburði liðinnar ævi sinnar einn af öðrum. Í hægri framvindunni birtast ólíkar hugmyndir, sumar hraðar eða hægar, aðrar háar eða djúpar. Þessar andstæður geta vel táknað atburði lífsins sem eru í flestum tilfellum ólíkir og hver og einn einkennist af sinni sérstöku stemningu. Hljóðfæraskipan er með

²⁷ *Biography*, Áskell Másson, 2013, sótt 12. desember 2012, <http://www.askellmasson.com/biography.php>

²⁸ *Prim (1984)*, Áskell Másson, 2013, sótt 12. desember 2012, <http://www.askellmasson.com/WorksPercussionPage.php?18>


²⁹ *Helfro (1978)*, Áskell Másson, 2013, sótt 12. desember 2012, <http://www.askellmasson.com/WorksPercussionPage.php?6>

³⁰ Viðtal Guðmundar Emilsson við Áskel Másson, flutt í þættinum „Tónskáldatími“, á *Rás 1*, 24. apríl, 1990.

³¹ Áskell Másson, án titils, óútgefið.

nokkuð frumlegu sniði og býður upp á ýmsa effekta. Þar má meðal annars nefna rörklukkur sem dýft er í vatn til að breyta tóninum, sög, þrumuspjald úr blikki, bambusvindspil, boo-bam-trommur, tam-tam, steðja og flex-a-tone. Einnig er notaður víbrafónn, klukkuspil, málmgjöll og píanó þar sem leikið er beint á strengina með sleglum, gítarnögl og fleiru.³²

Sumir þeirra sem hafa upplifað helfró tala um að farið sé í gegnum hljóðmúr eða ljósbelti við upphaf og enda ástandsins. Þessir múrar birtast í verkinu og sá seinni er sérstaklega áberandi.³³ Í byrjuninni er leikið á uppmögnuð málmgjöll með því að nudda endanum á sneriltrommukjuða við þau. Þetta skapar hljómmikið ískur og að því loknu taka við djúpir tónar í píanóstrengjum sem leikið er á með mjúkum víbrafónkjuðum. Við þessa tóna blandast svo drunur frá þrumuspjaldinu og loks kemur stuttur rytmافرasi þar sem slegið er með málmlegli á steðja. Þannig verður til andrúmsloft verksins og hlustandinn er leiddur inn í dulrænan hljóðheiminn (mynd 2).



Mynd 2: Fyrsta línan úr *Helfró*, bls. 1.

Verkið er skrifað án taktstrika og er því nokkuð frjálst í flutningi. Framvindan er líðandi og mætti lýsa sem stöðugum undirtóni sem hugmyndirnar birtast út úr ein af annarri. Málmgjallarhljómur sem spilaður er á hálfum hraða liggur lengi vel undir sem nokkurs konar pedall. Frá æfingamerki þrjú deyja málmgjöllin þó fljótlega út og liturinn verður bjartari um stund þar sem spilað er hratt tremolo á víbrafón og klukkuspil. Í kjölfarið fylgir síðan ný hugmynd þar sem hratt rytmamynstur er endurtekið í sífellu á boo-bam trommur. Trommuslátturinn birtist smám saman líkt og úr fjarska og liggur síðan undir eins og pedall. Þetta skapar meiri hraða og spennuþrúgnara andrúmsloft. Næsta hugmynd er löng, jöfn tónaruna spiluð á sögina frá æfingamerki fimm. Ofan á hana er byggð upp spenna með aukinni dýnamík og

³² Áskell Másson, *Helfró*, óútgefið.

³³ Áskell Másson, tölvupóstur, 15. desember 2012.

sterkari áherslum sem leiðir loks að hljóðmúrnum við æfingamerki sjö. Þá tekur þrumuspjaldið við af söginni og yfir það eru spilaðar tvær rytmalínur, annars vegar á steðja og hins vegar tam-tam. Hljóðstyrkurinn er aukinn þar til hann endar fortissimo possibile og við tekur veikt hljóð í bambusvindspili sem deyr smám saman út. Helfróin er á enda.³⁴

Snorri Sigfús Birgisson (1954)

Snorri Sigfús Birgisson er menntaður píanóleikari og tónskáld. Hann lærði fyrst við Tónlistarskólann í Reykjavík, meðal annars hjá Jóni Nordal, en hélt svo yfir höfin og stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum, Noregi, Hollandi, Frakklandi og Englandi. Að námi loknu fluttist hann aftur heim til Íslands og hefur starfað síðan sem tónskáld, píanóleikari og tónlistarkennari. Verk Snorra eru af ýmsum toga en aðallega hefur hann samið kammertónlist.³⁵ Píanóið hefur gjarnan komið við sögu í verkum Snorra og árið 1994 samdi hann *Píanólög fyrir byrjendur* að beiðni norrænu samtakanna Nomus. Óskað var eftir því að löggin tækju mið af nýjungum í píanótónsmíðum þar sem skortur þótti á slíku kennsluefni.³⁶ Píanólöggin eru 26 talsins og skiptast í fjögur hefti. Hér verður fjallað um lög þriðja heftisins sem ber titilinn *Árstíðirnar*.

Árstíðirnar


Kaflinn um *Árstíðirnar* skiptist í fjögur lög sem nefnast *Sumar, Haust, Vetur og Vor*. *Sumarið* er fyrst í röðinni og líkir eftir samnefndri árstíð. Nótturnar eru skrifaðar á eina opnu og skiptast í ellefu litla búta sem liggja á víð og dreif um blaðsíðurnar og innihalda mismunandi nótnasamsetningar. Bútarnir eru litaðir í fimm ólíkum litum þar sem samlitir bútar hafa lík einkenni í rytma og stefi (mynd 3). Lagið býður upp á mikið frelsi í flutningi því hægt er að ráða nánast alveg í hvaða röð bútarnir eru spilaðir og hversu margir eru notaðir. Þó eru gefin fyrirmæli um hvaða bútur sé spilaður fyrstur og síðastur. Örvar gefa til kynna hvert mögulegt sé að fara eftir hvern

³⁴ Áskell Músson, *Helfró*, óútgefið.

³⁵ Anne Manson, „Tónleikar í bláu röðinni“, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Roger Woodward, Háskólabíó, 25. nóvember 1999.

³⁶ Bergþóra Jónsdóttir, „Lögin geta ekki kvartað“, í *Morgunblaðinu*, 19. desember 2006, sótt 14. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=285049&pageId=4148561&lang=is&q=Snorri%20Sigf%FAs%20Birgisson

bút og beðið er um að pedallinn liggi allan tímann og spilað sé pianissimo. Stysta mögulega útgáfa af laginu væri að spila einungis fjóra búta en sú lengsta gæti í raun verið endalaus þar sem hægt er að elta örvarnar hring eftir hring.



Mynd 3: Sumarið úr Árstíðunum, bls. 2.

Líkindin með sumrinu eru bæði heyrnleg og sjónræn. Litaðir búturnir minna á litadýrð sumarsins, grösín og blómin. Frelsið sem flytjandanum er gefið táknar frjálsglega sumardagana. Börn þurfa ekki lengur að mæta í skóla og fólk tekur sér frí til að gera það sem þvi langar.

Á eftir *Sumrinu* kemur *Haustið*. Þar eru nóturnar ekki í bútum heldur á samhangandi nótnastreng sem fylgt er frá uppafi til enda. Engin taktstrik eru notuð en nóturnar liggja misþétt upp við hverja aðra svo flytjandinn metur hraðann út frá bilinu á milli þeirra. Raunar eru öll lögin fjögur án taktstrika svo flutningurinn getur orðið misjafn eftir tilfinningu hvers og eins. Einkenni haustsins er hvernig það hefur safnað í sig ýmsu eftir sumarið, t.d. ávöxtum og grænmeti. Þetta er tónsett á þann hátt að fyrst er spiluð ein nóta, svo tvær, svo þrjár og þannig koll af kalli þar til kominn er átta nótna klasi. Öllum nótnum er síðan sleppt í einu sem gefur til kynna að ávextirnir hafi dottið úr trénu eftir að hafa safnast í það smátt og smátt. Á öðrum stað kemur þetta fyrir á svipaðan hátt nema að þar er einni nótu í einu sleppt úr átta nótna

klasa þar til aðeins ein nóta stendur eftir. Þetta minnir á það hvernig laufin falla smám saman af trjánnum á haustin, eitt í einu, þar til einungis tréð stendur eftir. Í lok *Haustsins* er pedalnum haldið niðri og spilaðir hljómar þar sem stöðugt fleiri nótum er bætt við eins og áður. Síðasti hljómurinn, sem inniheldur tíu nótur, er spilaður fortissimo og djúpu C-i síðan ýtt hljóðlaust niður og haldið. Þegar pedalnum er sleppt hljóma yfirtónarnir af C-inu áfram og ónnum er leyft að lifa fram í næsta kafla.

Veturinn er næstur í röðinni, kaldur og brakandi. Stundum er talað um að sumar og vetur frjósi saman og til marks um það er C-inu úr *Haustinu* haldið niðri fram í byrjun *Vetrarins*. Ofan á það eru síðan slegnir stuttir, veikir tónar með áherslu rétt ofan við C-ið sem vekja upp yfirtóna þess. Hljóðlausu G-i, fimmund ofar, er þá bætt við svo yfirtónarnir verða enn fleiri þegar stuttu tónarnir eru spilaðir. Á endanum eru hljóðlausu tónarnir orðnir fimm, C, D, E, F og G og þá er dýpsta nóta píanósins slegin harkalega niður. Á eftir fylgja tvö slög sem innihalda allar nótur frá einstrikuðu d-i og upp úr. Við þetta myndast mjög margir yfirtónar. Að lokum er pedalnum skellt niður svo harpan hrekkur við og síðan er bankað á við hljóðfærisins. Hljómurinn er ískenndur og auðvelt er að sjá fyrir sér kaldan vetrardag þar sem frostið veldur því að það brakar og brestur í öllu.

Síðasta lagið í kaflanum er *Vorið*. Það er skrifað á eina blaðsíðu og nú eru aftur notaðir litlir bútar líkt og í *Sumrinu*. Búturnir eru sjö talsins þar sem einn er í miðjunni og hinir vísa eins og geislar út frá honum. Sjónrænt minnir uppsetningin á sólina eða blóm og á þannig vel við vorið. Flytjandinn hefur nú aftur frelsi til að velja hvaða búta hann spilar og í hvaða röð. Fyrirfram er beðið um að nota pedal og byrja pianissimo en spila svo smám saman sterkar þangað til síðasti búturinn er spilaður fortissimo. Þetta samsvarar hinu íslenska vori sem byrjar yfirleitt mjög hægt og á leið sinni hættir það jafnvel nokkrum sinnum við að koma. Á endanum lætur það þó ekki á sér standa og enginn er í vafa um að það sé komið til að vera. Að sama skapi spilar píanóleikarinn sig í gegnum búтана og þegar honum þykir spennan vera orðin nógu mikil til að enda fer hann yfir í síðasta bútin, miðjubútin, og þar er spiluð dýpsta, efsta og svo aftur dýpsta nóta píanósins. Vorið er svo sannarlega komið.^{37 38}

³⁷ Snorri Sigfús Birgisson, viðtal, 4. janúar 2013.

³⁸ Snorri Sigfús Birgisson, *Árstíðirnar*, Píanólög fyrir byrjendur og Hymni, Smekkleysa, Reykjavík, 2006.

Mist Þorkelsdóttir (1960)

Mist Þorkelsdóttir stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík með aðalháherslu á píanó og sembal. Hún fluttist út til Bandaríkjanna að loknu stúdentsprófi þar sem hún lauk BA-prófi í tónsmíðum og tónfræðum frá Hamline University í Minnesota og síðar, eftir stutta viðkomu á Íslandi, meistaraprófi í tónsmíðum frá Boston University í Massachusetts. Árið 2001 var Mist ráðin sem deildarforseti tónlistardeildar Listaháskóla Íslands en fram að því hafði hún starfað sem kennari í tónsmíðum og tónfræðigreinum og tekið virkan þátt í félagsmálum listamanna og skipulagningu ýmissa menningarviðburða. Verk hennar eru af fjölbreyttum toga og á verkaskránni finnast einleiksverk, kammerverk, hljómsveitarverk og kórverk.³⁹ Meðan Mist bjó með fjölskyldu sinni í Bandaríkjunum passaði hún að hafa heimilið að íslenskum sið. Haldið var upp á íslenskar hefðir og tyllidaga, lesnar voru íslenskar bækur fyrir börnin og sungin íslensk lög. Í þessu umhverfi, árið 1994, skrifaði Mist hljómsveitarverkið *Íslensk svíta* og haft er eftir henni að verkið hafi orðið til „...þegar ég hafði tíma til að setjast við eldhúsborðið og hugsa pínulítið heim.“⁴⁰

Íslensk svíta

Íslensk svíta er röð dansa fyrir sinfóníuhljómsveit og skiptist í fjóra kafla: *Forleik*, *Skuggadans*, *Búálfadans* og *Skessudans*. *Forleikurinn* er fremur hefðbundinn og þar eru hugmyndir verksins kynntar og vísað í stef sem koma í seinni köflunum þremur. Frásögnin hefst í *Skuggadansinum* að *Forleiknum* loknum. Þar er fjallað um hið dularfulla sem er á hreyfingu í skugganum, hvort sem um ræðir drauga eða eitthvað annað. Í upphafi er máluð mynd af sögusviðinu og hlustandinn er leiddur inn á draugalegan vettvanginn sem gæti hugsanlega verið gamall bóndabær einhvers staðar langt úti í íslenskri sveit. Marr og ískur í hjörum er túlkað með glissando í flautum,

³⁹ „Mist ráðin“, í *Dagblaðinu Vísni*, 31. júlí 2001, sótt 20. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=200454&pageId=3018546&lang=is&q=Mist%20%DEorkelsd%F3ttir

⁴⁰ Orri Páll Ormarsson, „Ausið úr íslenskum brunni“, í *Morgunblaðinu*, 15. janúar 1999, sótt 18. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131345&pageId=1924968&lang=is&q=Ausi%F0%20%FAr%20%EDslenskum%20brunni

óbúi og klarinetti, bogastrokum á málmgjöllum og endurteknum sextánduparta slögum á wood block. Dregin er upp mynd af blaktandi skuggum og dularfullum hreyfingum sem vekja upp vissan óhug. Í takti 98 byrjar hið eiginlega draugastef þegar skuggaverurnar fara á stjá ein af annarri og stíga dans. Í fyrstu eru þær fáar og dansinn er fremur yfirvegaður. Stefið er leikið djúpt í básúnu, túbu og kontrabassa en síðan eykst spennan örlítið þegar klarinett, fagott, víóla og selló svara með því að spila stefið ofar í tónsviðinu. Frá takti 115 til 129 er svo uppbygging þar sem hægt er að ímynda sér að fleiri verur bætist smám saman í hópinn og setji sig í stellingar fyrir dansinn sem hefst að nýju í takti 130. Laglínan er leikin forte í fiðlunum og nú í mjög ákveðnum valsi. Yfirvegaði dansinn í upphafi tekur á sig nýja mynd og verður að heilum draugadansleik. Stöðugt bætast fleiri verur í hópinn og spennan eykst eftir því sem meira fjör færir í leikinn. Í takti 156 bætast inn rörklukkur þar sem slegin eru jöfn slög, eitt í upphafi hvers takts, út að takti 185. Bjöllukennd slögin gefa til kynna að dögum sé í nánd og skuggaverurnar þurfi að enda leikinn skjótt. Á meðan rörklukkurnar slá heldur dansinn áfram að æsast og fer nánast úr böndunum. Pákan slær stöðugan takt forte og ólíkir hljóðfærahópar skiptast á að spila kaflastefin óreiðukennt og hver ofan í annan. Frá takti 185 eru slegin sjö styttri slög á rörklukkurnar til merkis um að nú sé dansinn á enda. Verurnar hverfa aftur inn í skuggana og fyrri ró færir yfir sögusviðið.

Í næsta kafla er fjallað um litlar íslenskar þjóðsagnaverur af álfakyni, búálfana. Að sögn Mistar eiga þeir sér bólstað í húsum fólks og eru stríðnir og þjófóttir en samt sem áður eiga þeir líka að passa upp á eigur heimilisfólksins. Í þessum kafla verksins er ekki máluð mynd af sögusviðinu eins og í *Skuggadansi* heldur á tónlistin alfarið að tákna búálfana og þeirra háttarlag. Mist segir þá fyndna og skrýtna og öðru hvoru kíkja þeir úr veggjunum á fólkið og flissa og gantast. Til marks um þetta er hraðinn töluvert meiri en í kaflanum á undan og tónarnir hoppandi og skoppandi eins og búálfarnir. Stefin eru leikin til skiptis af blásturshljóðfærunum, yfirleitt frekar hátt í tónsviðinu, og hljóma svolítið gaggandi líkt og hægt væri að ímynda sér að raddir búálfanna hljómuðu. Strengirnir spila ýmist staccato, pizzicato, liggjandi hljóma eða örstuttar hendingar og hljóma létt og leikandi þar sem yfirleitt er spilað veikt og hátt í tónsviðinu. Í slagverkinu er mikið notast við wood block og þríhorn sem undirstrikar enn fremur hoppandi dans þessara litlu, skrýtnu álfa.

Að *Búálfadansinum* loknum tekur við *Skessudans*. Þar koma saman stórar, klunnalegar tröllskessur til að dansa. Stemningin er allt önnur en í *Búálfadansinum* sem einkenndist af snerpu og léttleika. Pákurnar byrja á því að leika þunglamalegt stef í 5/8. Áheyrandinn finnur að eitthvað er í loftinu og getur séð fyrir sér brussulegar skessurnar safnast saman. Strengir og trompet taka við af pákunni í takti 174, þar sem trompetið spilar hægt glissando upp og niður og undirstrikar þannig klunnagang skessanna. Skessustefið sem heyrst hafði í pákunum er nú spilað af hörpunni og síðan básunum og fagottum. Frá takti 284 spila óbóin hæga tóna glissando líkt og trompetið hafði spilað áður. Þegar stemning kaflans hefur verið sköpuð og sviðið sett fyrir skessurnar hefst sjálfur dansinn í takti 294. Ein skessan byrjar og stefið er leikið djúpt í túbum, fyrst hægt en svo hraðar í óreglulegum takti. Óhugnanleg stemning skapast í bakgrunni þar sem strengirnir leika stutt glissando upp og niður á flaututónum. Smátt og smátt stíga fleiri skessur fram til að taka þátt í brussulegum dansinum. Hreyfingarnar eru þunglamalegar og sporin stór og taktföst. Dansinn verður stöðugt æsilegri og nær hápunkti í takti 322 þar sem flestir blásararnir spila áttunduparta með samtaka áherslum á völdum slögum. Kontrabassar og selló spila einnig áttunduparta en áherslur þeirra og blásaranna skarast. Harpan leikur sterkt glissando upp og niður og fagott, klarinett, flautur, fiðlur og víólur spila liggjandi tóna. Hápunkturinn helst stöðugur í 22 takta og endar í stórum lokahljómi með crescendo upp í fortissimo possibile. Þar með líkur skessudansinum.^{41 42}

Hafdís Bjarnadóttir (1977)

Hafdís Bjarnadóttir er menntaður djassgítarleikari auk þess að vera með meistarapróf í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Hún hefur tileinkað sér ýmsa tónlistarstíla og fyrsta sólóplata hennar þótti brúa bilið milli jazz, rokks, endurreisnartónlistar og þjóðlagatónlistar. Hafdís hefur stundum notað utanaðkomandi formgerðir sem efnivið fyrir tónsmíðar sínar og dæmi um það eru verk hennar *Krónan*, sem byggir alfarið á tölum frá greiningardeild Glitnis á tímabilinu 2007 -

⁴¹ Mist Þorkelsdóttir, viðtal, 4. janúar 2013.

⁴² Mist Þorkelsdóttir, *Íslensk svíta*, Íslensk tónverkamiðstöð, Reykjavík, 1998.

2009, og *Bórdísarhyrna* sem unnið er upp úr prjónauppskrift.⁴³ Hér verður fjallað um síðarnefnda verkið.

Bórdísarhyrna, 1. - 12. umferð

Bórdísarhyrna er í raun eins konar tónsetning á því þegar Hafdís prjónaði fyrstu tólf umferðirnar á samnefndu ullarsjali úr prjónabókinni Þríhyrnur og langsjöl. Á meðan hún prjónaði skráði hún niður hjá sér hljóðið í prjónunum og rytmann sem myndaðist út frá endurteknum hreyfingunum. Þessir þættir stýra verkinu að miklu leyti.

Í upphafi verksins er búið að fitja upp á annan prjóninn og fyrsta umferðin er prjónuð. Hlustandinn getur strax séð fyrir sér prjónaskapinn á myndrænan hátt, prjónarnir hreyfast endurtekið og örlítið hik kemur hér og þar meðan prjónið er fært til. Tvö málmgjöll eru notuð til að slá taktinn í prjónunum og herma eftir hljóðinu sem myndast þegar þeir rekast saman. Málmgjöllin gegna hlutverki prjónanna allt verkið. Liggjandi hljómur hjá blásurunum er hugsaður sem einhvers konar þráður eða efni og strengirnir spila það sem verið er að prjóna hverju sinni. Önnur fiðla spilar bundnar synkópur sem tákna það sem búið var að fitja upp. Fyrsta fiðla spilar hins vegar það nýja sem bætist við, tríólur sem mynda V, bæði á réttunni og á hvolfi. V-lögunin táknar hvernig sléttu lykkjurnar líta út þegar prjónið er skoðað gaumgæfilega. Tónverkið á því einnig að líkja eftir prjónaskapnum sjónrænt í nóttunum. Af og til kemur hik sem táknar að efnið sé fært til á prjónunum svo hægt sé að halda áfram. Þá víkja endurtekningarnar í málmgjöllum og strengjunum fyrir blásurum og sandpappírsstroki sem líkja eftir tilfærslu efnisins. Þetta má til dæmis sjá í takti tíu.

Þegar búið er að prjóna út allan prjóninn er komið að annarri umferð. Þá er prjóninu snúið við og prjónað á röngunni, þ.e.a.s. brugðið. Viðsnúningurinn á sér stað fyrir æfingamerki B þar sem blásararnir spila hljóm sem samanstandur af nánast öllu tónefninu sem á undan hefur komið. Þessi hljómur er notaður til að tengja saman prjónaumferðirnar því það sem gerðist í millitíðinni, meðan skipt var milli umferða, er ekki skrifað með í verkið. Áferðin á brugðna prjóninu er allt öðruvísi en á því slétta. Tengibogar sem vísa niður á við eru notaðir til að tákna útlit brugðnu hliðarinnar á

⁴³ *Hádegisfyrirlestur tónlistardeildar - Hafdís Bjarnadóttir*, Listaháskóli Íslands, 2012, sótt 28. desember 2012, <http://gamla.lhi.is/2012/04/10/hadegisfyrirlestur-tonlistardeildar-hafdis-bjarnadottir/>

sjónrænan hátt (mynd 4). Þrjónunum er beitt öðruvísi en á sléttu hliðinni og því myndast nýr rytmi sem málmgjöllin sjá um að túlka.

The image shows a page of a musical score for strings, titled 'Þórdísarhyrna, bls. 4, strengir.' The score is for a string quartet (Violin I, Violin II, Viola, and Violoncello) and includes a double bass part. It features complex rhythmic patterns with time signatures of 4/4, 3/4, and 5/4. Dynamics range from ppp to mf. Performance instructions include 'sul tasto, punta d'arco', '(Bartok) pizz. diviso', and 'finger tap'.

Mynd 4: Þórdísarhyrna, bls. 4, strengir.

Rétt fyrir æfingamerki C klárast svo brugðna umferðin, blásararnir spila hljóm og sagan endurtekur sig. Eftir því sem umferðum fjölgar eykst efnið og þrjónið lengist. Strengirnir verða margskiptari þessu til stuðnings og tónefnið breiðkar. Fyrsta fiðla sér enn um að túlka nýjasta þrjónið meðan hinir strengirnir tákna það sem nú þegar er komið.

Frá æfingamerki E bætist við mynstur í þrjónið, bæði lita- og gatamynstur. Nýr litur er táknaður með því að láta brassið spila meira og túlka nýjustu lykkjurnar. Á þessum stað hægist á þrjóninu. Þrjár brugðnar lykkjur eru þrjónaðar í röð og síðan er slegið upp á þrjóninn til þess að gera gat. Uppslátturinn er táknaður með krómatískri runu upp á við og gatið með þögn í taktinum á eftir. Þetta endurtekur sig út umferðina. Við upphaf næstu umferðar lítur þrjónið mjög óskipulega út og böndin liggja í allar áttir. Að sama skapi verður tónefnið óskipulegra og margt gerist í einu. Næstu umferðir eru svipaðar, önnur með gatamynstrinu og hin slétt, og verkið breiðkar með þrjóninu. Göt á ólíkum stöðum í þrjóninu eru táknuð með götum á ólíkum stöðum í nóttunum. Að öllum tólf umferðunum loknum er komin skipulegri mynd á þrjónið. Síðustu blaðsíður verksins eiga að lýsa því þegar afraksturinn er skoðaður og mynstrið kemur í ljós. Tónefnið er útsett og skreytt örlítið og endurtekningarnar eru nú mjög

reglulegar líkt og í mynstrinu sjálfu. Í síðustu tóktunum spilar brassið stóran hljóð sem gefur til kynna að efnið sé fullklárað áður en tónarnir deyja að lokum út.^{44 45}

Lokaorð

Hermiverk geta verið af ýmsum toga og birtingarmyndir viðfangsefnanna mjög ólíkar. Ef *Geysir* Jóns Leifs er borinn saman við *Þórdísarhyrnu* Hafdísar eiga verkin það sameiginlegt að allan tímann er leitast við að lýsa ákveðnu fyrirbæri og atferli þess sem breytist og þróast í tíma. Hins vegar er *Þórdísarhyrna* mun nákvæmari lýsing þar sem framvinda verksins er í fullkomnu samræmi við þróun þrjónaskapsins. Hermt er eftir hljóðheimi athafnarinnar, meðal annars með málmgjöllum og sandpappír, og útsetningin stjórnast nánast algjörlega af fyrirmyndinni. Frásögnin í *Geysi* er hins vegar ekki eins kerfisbundin og nákvæm. Jón reynir vissulega að lýsa atburðarrásinni en aðferðin er frjálsglegri. Gosið varir mun lengur en í raunveruleikanum og ekki er hermt með beinum hætti eftir hljóðum hversins. Í verki *Áskels, Helfró*, er lýsingin enn ónákvæmari. Þar er viðfangsefnið aðallega notað til að skapa stemningu enda býður ástandið *helfró* ekki upp á eins lýsandi frásögn og *Geysisgos* eða þrjónauppskrift. *Andað á sofinn streng* eftir Jón Nordal er einnig dæmi um verk þar sem umfjöllunarefnið er frekar notað til að skapa andrúmsloft heldur en til nákvæmrar frásagnar. Í stað þess að framvindu ljóðsins sé lýst eru tilfinningar þess túlkaðar í tónum.

Ýmsar aðferðir eru notaðar til að skila viðfangsefnunum til áheyrans. Styrkleiki, hraði, tónefni, hljóðfæraskipan, áherslur, tónsvið og lengdargildi nótna eru þættir sem skipta máli í því samhengi. Jón Leifs notar styrkleikabreytingar til að aðgreina hvenær vatnsyfirborð hversins rís og hnígur. Einnig notfærir hann sér tónsviðið til lýsingar þar sem hann byrjar djúpt en færir sig ofar eftir því sem kraftur hversins nálgast yfirborðið. Jón Nordal vinnur með dulúðlegt og tilfinningaþrungið tónefni í anda ljóðsins. Framvindan er hæg og minnir þannig á biðina sem fjallað er um í ljóðinu. Í *Helfró* Áskels Mássonar er einnig mynduð stemning með tónefninu og auk þess er hljóðfæranotkunin óvenjuleg og hljóðheimurinn verður enn dulrænni fyrir

⁴⁴ Hafdís Bjarnadóttir, viðtal, 17. desember 2012.

⁴⁵ Hafdís Bjarnadóttir, *Þórdísarhyrna*, 1.-12. umferð, óútgefið.

vikið. Áskell notar styrkleikabreytingar, áherslur og hraða til að skapa andstæður og lýsa hljóðmúrnum og sýnunum sem birtast í helfrónni. Þessir þrír þættir eru einnig notaðir í *Árstíðunum* eftir Snorra. Í *Vorinu* er til dæmis leikið crescendo frá upphafi til enda til marks um að vorið nálgist hægt og rólega og komi svo loks í öllu sínu veldi. Mist notfærir sér tónsvið, hraða og lengdargildi þegar hún lýsir búálfunum í *Búálfadansi* og í *Þórdísarhyrnu* velur Hafdís hljóðfæri sem gefa möguleika á að herma eftir hljóðinu í þrjóninu, meðal annars málmgjöll og sandpappír.

Öll tónskáldin nota fleiri en einn af þessum þáttum í verkum sínum og algengt er að tveir eða fleiri séu notaðir samtímis. Tónlist getur kallað fram margar tilfinningar og sumar þeirra gætu ekki vaknað af neinu öðru. Lýsing í tónum verður þó seint eins nákvæm og lýsing í orðum og ólíklegt er að áheyrandinn myndi lesa rétt úr verkunum ef hann vissi ekki fyrirfram hvert umfjöllunarefnið væri. Þó myndi hann greina þá þætti sem einkenna viðfangsefnin, til dæmis átaksmögnunina í *Geysi* og vélrænu endurtekningarnar í *Þórdísarhyrnu*. Það má því draga þá ályktun að skýrt og lýsandi hermiverk fáiist með því að einbeita sér að þeim þáttum umfjöllunarefnisins sem tónlistin hefur möguleika á að túlka.

Heimildaskrá

- Adler, Samuel, *The Study of Orchestration*, þriðja útgáfa, W. W. Norton & Company, New York, 2002.
- „Andað á sofinn streng“, í *Dagblaðinu Vísi*, 18. maí 1998, sótt 24. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=198078&pageId=2969359&lang=is&q=Anda%F0%20%E1%20sofinn%20streng
- Anne Manson, „Tónleikar í bláu röðinni“, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Roger Woodward, Háskólabíó, 25. nóvember 1999.
- Árni Heimir Ingólfsson, *Jón Leifs: Líf í tónum*, Mál og menning, Reykjavík, 2009.
- Áskell Másson, án titils, óútgefið.
- Áskell Másson, *Helfró*, óútgefið.
- Áskell Másson, tölvupóstur, 15. desember 2012.
- Baldur Andrésón, *Tónlistarsaga Reykjavíkur: með inngangi um sögu sönglífs í landinu frá því land byggðist*, Músík.is, 2008, sótt 28. nóvember 2012, http://www.musik.is/Baldur/TsagaRvk/1930-1950/til1950_22.html#jon_nordal
- Bergþóra Jónsdóttir, „Lögin geta ekki kvartað“, í *Morgunblaðinu*, 19. desember 2006, sótt 14. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=285049&pageId=4148561&lang=is&q=Snorri%20Sigf%FA%20Birgisson
- Biography*, Áskell Másson, 2013, sótt 12. desember 2012, <http://www.askellmasson.com/biography.php>
- „Brautriðjandi heiðraður“, í *Morgunblaðinu*, 9. mars 2006, sótt 1. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271615&pageId=3888493&lang=is&q=J%F3n%20Nordal
- Burkholder, J. Peter, Donald Jay Grout og Claude V. Palisca, *A History of Western Music*, áttunda útgáfa, W. W. Norton & Company, New York, 2009.
- Dahlhaus, Carl, *The Idea of Absolute Music*, Roger Lustig þýddi, University of Chicago Press, Chicago, 1991.
- „Eins og að klífa þrítugan hamar“, í *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. mars 1999, sótt 24. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242878&pageId=3314364&lang=is&q=Anda%F0%20%E1%20sofinn%20streng%20a%F0%20bei%F0ni
- Hádegisfyrirlestur tónlistardeildar - Hafdís Bjarnadóttir*, Listaháskóli Íslands, 2012, sótt 28. desember 2012, <http://gamla.lhi.is/2012/04/10/hadegisfyrirlestur-tonlistardeildar-hafdis-bjarnadottir/>
- Hafdís Bjarnadóttir, viðtal, 17. desember 2012.
- Hafdís Bjarnadóttir, *Þórðisarrhyrna, 1.-12. umferð*, óútgefið.
- Helfro (1978)*, Áskell Másson, 2013, sótt 12. desember 2012, <http://www.askellmasson.com/WorksPercussionPage.php?6>
- Jón Ásgeirsson, „Sinfóníutónleikarnir í kvöld“, í *Morgunblaðinu*, 1. nóvember 1984, sótt 16. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=119809&pageId=1599843&lang=is&q=J%F3n%20Leifs%20Geysir
- Jón Leifs, *Geysir; Op. 51*, Íslensk tónverkamiðstöð, Reykjavík, 2011.
- „Jón Leifs“, í tímaritinu *Andvari*, 115. árgangur, 1. tölublað, janúar 1990, bls. 12, sótt 10. nóvember 2012, http://timarit.is/view_page_init.jsp?

- [issId=292760&pageId=4313527&lang=is&q=J%20D3N%20LEIFS%20J%20F3n%20Leifs](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=292760&pageId=4313527&lang=is&q=J%20D3N%20LEIFS%20J%20F3n%20Leifs)
- Jón Nordal, *Andað á sofinn streng*, Íslensk tónverkamiðstöð, Reykjavík, 2011.
- Jón Þórarinnsson „Upphaf karlakórasöngs á Íslandi“ í tímaritinu *Heimi*, sótt 22. nóvember 2012, <http://male-choir.com/upload/wl/UpphafKarlakorasongs.pdf>
- „Mist ráðin“, í *Dagblaðinu Vísi*, 31. júlí 2001, sótt 20. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=200454&pageId=3018546&lang=is&q=Mist%20%20DEorkelsd%20F3ttir
- Mist Þorkeldsdóttir, *Íslensk svíta*, Íslensk tónverkamiðstöð, Reykjavík, 1998.
- Mist Þorkeldsdóttir, viðtal, 4. janúar 2013.
- Myrkir músíkdagar, „Myrkir músíkdagar“, ýmsir flytjendur, Reykjavík, 9.-25. janúar 1999.
- Orri Páll Ormarsson, „Ausið úr íslenskum brunni“, í *Morgunblaðinu*, 15. janúar 1999, sótt 18. janúar 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131345&pageId=1924968&lang=is&q=Ausi%20%20FAR%20%20EDslenskum%20brunni
- Petri Sakari, „Þúsund og ein nótt“, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þórunn Ósk Marínósdóttir, Háskólabíó, 28. október 2010.
- Prim (1984)*, Áskell Másson, 2013, sótt 12. desember 2012, <http://www.askellmasson.com/WorksPercussionPage.php?18>
- Rumon Gamba, „Náttúran dansar“, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa, 25. október 2012.
- Snorri Sigfús Birgisson, *Árstíðirnar*, Píanólög fyrir byrjendur og Hymni, Smekkleysa, Reykjavík, 2006.
- Snorri Sigfús Birgisson, viðtal, 4. janúar 2013.
- Spaeth, Sigmund, *Great Program Music: How to Enjoy and Remember It*, Garden City Publishing Co., New York, 1940.
- Viðtal Guðmundar Emilsson við Áskel Másson, flutt í þættinum „Tónskáldatími“, á *Rás 1*, 24. apríl, 1990.
- Wagner, Richard, *Entwürfe ; Gedanken ; Fragmente: Aus nachgelassenen Papieren zusammengestellt*, Breitkopf & Härtel, Leipzig, 1885.